

# VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

---

## GÆÐAHANDBÓK FJARKENNSLU VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS

---

Skipulag – Samskipti - Sköpun

Haustönn 2022

## Efnisyfirlit

Stefna Verzlunarskóla Íslands með fjarkennslu .....	2
Skipulag .....	3
Fjarkennarinn .....	3
Fjarnemandinn .....	3
Kennslukerfið .....	3
Samskipti .....	4
Fjarkennarinn .....	4
Fjarnemandinn .....	4
Kennslukerfið .....	4
Sköpun .....	5
Fjarkennarinn .....	5
Fjarnemandinn .....	5
Kennslukerfið .....	5
Gátlisti fyrir fjarnámsáfangu .....	6

## Stefna Verzlunarskóla Íslands með fjarkennslu

Verzlunarskólinn leggur áherslu á að bjóða upp á öflugt fjarnám fyrir alla nemendur sem það kjósa. Stefna skólans er að allir áfangar dagskóla verði einnig í boði í fjarkennslu auk fleiri áfanga. Með fjarnámi getur skólinn einnig veitt kennurum tækifæri til að kenna fjölbreyttum nemendahópi með framsetningu námsefnis á rafrænu formi á skapandi hátt. Fjarkennsla Verzlunarskólans skal vera í samræmi við markmið hans og gildi.

Markmið skólans með fjarnáminu er að:

- bjóða upp á framsæknar aðferðir í miðlun námsefnis.
- allir áfangar séu með sambærilegt námsefni, námsmat og kröfur og sömu áfangar í dagskóla.
- nemendur geti lokið verslunar- og stúdentsprófi af öllum brautum skólans í fjarnámi.
- bjóða upp á starfatengt fagnám í samvinnu við atvinnulífið til að mennta og efla starfsfólk á vinnumarkaðinum.
- gefa kennurum kost á sveigjanleika í starfi ásamt því að þróa skapandi aðferðir á rafrænan hátt.
- víkka út landamæri skólans og gefa öllum tækifæri til að stunda nám sem þar er í boði, óháð aldri, búsetu og tíma. Þetta á m.a. við þá sem:
  - stunda nám í grunnskólum landsins og vilja hefja framhaldsskólanám sitt áður en þeir innritast í fullt framhaldsskólanám.
  - stunda nám í dagskóla Verzlunarskólans eða í öðrum framhaldsskóla en þurfa eða kjósa að taka áfanga í fjarnámi.
  - vilja bæta við sig áföngum t.d. vegna fyrirhugaðs háskólanáms.
  - hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi og vilja taka upp þráðinn á nýjan leik.
  - eru á vinnumarkaði en vilja styrkja stöðu sína í einstaka áföngum.
  - starfa í verslun og þjónustu og vilja efla sig í starfi.
  - hafa ekki möguleika á að sækja staðnám.
  - vilja auka þekkingu sína í ákveðnu efni t.d. vegna áhugamála.

Einkunnarorð fjarnámsins eru skipulag, samskipti og sköpun.

## Skipulag

Fjarkennarinn skipuleggur námið fyrir nemandann, hann er fararstjórinn sem vísar veginn og hleður vörðurnar. Ekki er nóg að tiltaka námsefni sem tengist áfanga, það þarf að gera úr því eina heild og gefa svo nemandanum skýrar leiðbeiningar um það hvernig hann kemst í gegnum það og á leiðarenda.

Fjarnemandinn þarf að vita nákvæmlega til hvers ætlast er af honum, hvar hann á að hefjast handa, hvar hann finnur námsefni og verkefni og síðan í stórum dráttum hvernig önnin verður.

Kennslukerfið hýsir netskólann og sérhver áfangi sem búinn er til þar, er nokkurs konar skólastofa í netheiminum. Markmiðið er að hafa skólastofuna aðlaðandi og vel uppsetta, þannig að nemandinn finni hjá sér löngun að líta þar við sem oftast.

- Í hverjum áfanga á að vera:
  - Tilvísun í áfangalýsingu á netinu þar sem fram kemur stutt lýsing á efnisatriðum, markmiðum, námsmati og námsgögnum.
  - Kynning á kennara og upplýsingar um hvernig best er að hafa samband við hann.
  - Námsáætlun þar sem nánar er fjallað um:
    - Námsgögn, hver eru þau og hvar nemandi getur nálgast þau.
    - Markmið, með tilvísun í námskrá skólans.
    - Námsmat, hvaða þættir eru notaðir til að ákvarða lokaeinkunn.
    - Vikuleg yfirferð námsefnis, hver eru viðfangsefni hverrar viku, hvaða verkefni á að gera, hver þeirra gilda sem hluti af lokaeinkunn, hvenær á að skila þeim og hvar.
    - Umræðuvettvangur þar sem nemendur geta haft samskipti sín á milli og við kennara sinn.
- Námsfni á að skipta niður í tíu vikur (hluta) og í upphafi hverrar viku á að vera nákvæm vikuáætlun þar sem fram kemur hver eru viðfangsefni vikunnar, hverju á að skila, hvenær og hvar. Framsetning námsefnis á að vera með eins fjölbreytilegum hætti og kostur er: lesefni, myndefni og hljóðefni.
- Verkefni sem nemendum er ætlað að vinna, þurfa að vera fjölbreytileg og gefa þarf nemendum tækifæri til að skila úrlausnum sínum á mismunandi vegu.
- Násmat þarf að koma skýrt fram og ekki má víkja frá því sem sett er fram í upphafi um vægi einstakra námsþátta eða verkefna. Koma þarf skýrt fram hvað þarf til að standast kröfur áfangans til að áfanganum ljúki með stöðnum einingum.
  - Mikilvægt er að hafa fjölbreytilegt námsmat og gefa nemendum tækifæri til að skila inn verkefnum í öllum áföngum og fá einkunnir fyrir þau metnar inn í lokaeinkunn.
  - Ef skriflegt lokapróf er í áfanga, þarf að vera gamalt sýnispróf í lok áfanga. Kennari þarf einnig að gefa nemendum ráðleggingar varðandi próflestur og próftöku.
  - Ef áfangi er lokaprófslaus, þarf að gera kröfu til þess að nemandi hitti kennara (í net- eða raunheiminum) og geri grein fyrir hluta verkefna, til að kennari geti verið fullviss um að hann hafi sjálfur unnið þau.
- Allar dagsetningar í áfanganum eiga að vera í samræmi við þá önn sem er í gangi hverju sinni.
- Skila þarf skriflegum fjarnámsprófum þremur virkum sólarhringum fyrir settan prófdag.
- Hver fjarkennari þarf að sitja yfir lokaprófum að minnsta kosti einu sinni í hverri prófalotu, óháð því hvort hann er sjálfur með lokapróf eða ekki.

## Samskipti

Fjarkennarinn þarf að láta nemendur finna fyrir því að hann sé til staðar í kennslukerfinu, t.d. með því að hafa samband við nemendur a.m.k. vikulega og gefa þeim fyrirmæli og ráðleggingar varðandi verkefni, lestur og síðan að minna þá á verkefnaskil. Samskiptatækin sem fjarkennari vill nota þarf að vera á hreinu, það þarf að standa á áberandi stað í kennslukerfinu hvaða leiðir fjarkennari vill nota til samskipta við fjarnemendur.

- Í samskiptum sínum við nemendur þarf fjarkennarinn að:
  - svara öllum fyrirspurnum frá nemendum innan tveggja virkra daga.
  - láta nemendur vita með fyrirvara ef hann, einhverra hluta vegna, verður ekki viðlátinn í kennslukerfinu í meira en tvo virka daga.
  - skila verkefnum til nemenda vel tímanlega fyrir lok annar, þannig að nemandinn geti nýtt sér umsögn kennarans við námið.
  - skila verkefnum nemenda með vandaðri umsögn, ekki er nóg að gefa bara einkunn.
  - koma til móts við nemendur sem óska eftir rafrænum fundum í rauntíma.
  - hrósa nemendum fyrir vel unnin verk og hvetja nemendur til náms.

Fjarnemandinn þarf að vita hver er kennarinn hans og hvernig best er að hafa samband við hann. Hann þarf að finna að kennarinn sé til staðar í kennslukefinu og að hann styðji við hann í námsferlinu. Fjarnemandinn ber þó ábyrgð á námi sínu og þarf að fylgjast með til hvers er ætlast af honum.

- Þær leiðir sem kennari hefur til að kynna sig fyrir nemendum í kennslukerfinu:
  - Mynd af kennara á vegg áfangans.
  - Kynning á kennara á vegg áfangans.
  - Myndbandsupptaka.
  - Sérstakt skjal.
  - Bréf í umræðum.

Kennslukerfið gefur ýmsa möguleika á samskiptum og er það val hvers fjarkennara hvaða leið hann notar mest.

- Þessar leiðir eru kennaranum færar til að hafa samskipti við nemendur sína:
  - Umræðumöppur.
  - Póstur.
  - Vikuáætlanir.
  - Texti á vegg í upphafi áfanga eða hvernar viku.
  - Sérstakt skjal eða myndband.
  - Fyrirmæli við verkefni.
  - Endurgjöf við verkefni.
  - Færslur í dagatal.
  - Tilkynningar.
  - Teams eða annað samskiptaforrit.

Til að gera kennslukerfið að virku námssamfélagi, ætti kennari að leitast við að hvetja nemendur til samskipta um valin viðfangsefni og gefa þeim færi á að vinna verkefni saman.

## Sköpun

Fjarkennarinn þarf að fá tækifæri til að þróa kennsluáðferðir sínar í fjarkennslunni og skólinn þarf að skapa fjarkennurum vettvang til að fjalla um fjarkennsluna og miðla reynslu sinni. Skólinn þarf einnig að hvetja fjarkennara og styðja þá fjárhagslega til að afla sér þekkingar á sviði kennslufræði fjarkennslu, annað hvort hér heima eða erlendis.

Fjarkennslan verður að gera fjarkennurum kleift að virkja og fá útrás fyrir sköpunargleði sína. Það gera þeir með:

- Uppsetningu kennslukerfis.
- Framsetningu og innihaldi námsefnis.
- Gerð verkefna og innihaldi.
- Samskiptum við fjarnemendur.

Fjarkennari á eignarrétt á hönnun áfanga sinna og öllu námsefni sem hann býr til. Aðrir kennarar þurfa leyfi hans til að afrita áfangann eða nota námsefnið.

Fjarkennurum þarf að standa til boða öll tæki og forrit til að þeir geti útbúið rafrænt námsefni á sem fjölbreytilegastan hátt. Einnig þarf að bjóða þeim námskeið til að læra á þennan búnað.

Mikilvægt er að skapa fjarkennurum vettvang þar sem þeir fjalla um fjarkennsluna og geti lært hverjir af öðrum.

Fjarnemandinn þarf að fá útrás fyrir sköpunargleði sína við fjarnámið, um leið og hann tileinkar sér námsefnið og tekst á við verkefnin, þannig að:

- Hann fái tækifæri til að fara eigin leiðir í gegnum þau og velja með hvaða hætti hann skilar þeim.
- Hann langi til að sökkva sér ofan í námsefnið.
- Hann vinni verkefnin af alúð.

Kennslukerfið þarf að virka á tilskilinn hátt og má aldrei liggja niðri þegar fjarkennsluönnin stendur yfir.

## Gátlisti fyrir fjarnámsáfangu

Áfangi: _____	+	-	0*
<b>Kennslukerfið, fyrsta sýn á áfanga</b>			
Áfangi er snyrtilegur og efni er sett inn á skipulagðan hátt			
Myndefni á forsiðu áfanga er viðeigandi og/eða lýsandi			
Á forsiðu áfanga er hlekkur í áfangalýsingu			
Innihald áfangans er í samræmi við áfagalýsingu			
Dagsetningar í skjölum hafa verið uppfærðar			
<b>Skipulag</b>			
Auðvelt er að sjá hvar á að hefjast handa			
Auðvelt er að sjá hvar finna má upplýsingar			
Auðvelt er að finna það efni sem vinna á með			
<b>Kennarinn/Nemendur</b>			
Auðvelt er að sjá hver kennir áfangann			
Það er mynd af kennara á forsiðu			
Það er kynning á kennara (myndbandsupptaka, bréf eða skjal)			
Nemendur vita hvernig þeir eiga að hafa samband við kennara			
<b>Upplýsingamiðlun</b>			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í umræðum			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í dagatali			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í tilkynningum			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í skilaboðum (pósti í Moodle)			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í fyrirmælum verkefna			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í vikuáætlunum			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er texti á vegg eða í sérstöku skjali			
Upplýsingamiðlun frá kennara til nemenda er í formi myndbanda			
<b>Samskipti</b>			
Samskipti kennara við nemendur eru endurgjöf við verkefni þeirra			
Samskipti kennara við nemendur eru í umræðum			
Samskipti kennara við nemendur eru í formi skilaboða (póstur í Moodle)			
Samskipti kennara við nemendur eru í gegnum verkefna-tólið			
Kennari býður nemendum að hitta sig í TEAMS eða á öðrum stöðum			
Kennari svarar fyrirspurnum frá nemendum innan tveggja virkra sólarhringa			
<b>Áfangalýsing og áætlanir</b>			
Markmið áfangans eru ljós			
Skýrt kemur fram hvaða námsgögn nemandi á að nota			
Tímaáætlanir eru settar fram fyrir hverja viku, þema, kafla eða slíkt			
Tímaáætlanir eru nákvæmar og auðvelt að átta sig á þeim			

	Auðvelt að sjá hvað nemandi á að gera á ákveðnum tíma			
	Auðvelt að sjá hverju nemandi á að skila			
	Auðvelt að sjá hvenær skiladagar eru			
	Listi fyrir skilaverkefni sem gilda til einkunnar er sýnilegur			
<b>Námsmat</b>				
	Námsmatið kemur skýrt fram			
	Vægi skilaverkefna í lokaeinkunn er ljóst			
	Vægi skilaverkefna sést við hvert skilahólf			
<b>Dagatal og tilkynningar</b>				
	Í dagatali koma fram skiladagar verkefna			
	Tilkynningar eða umræður eru notaðar til að koma upplýsingum til nemenda			
<b>Námsefni er sett fram sem</b>				
	Upptökur með gagnvirkri töflu			
	Talglærur			
	Glærur			
	Vefsíður			
	Ritvinnsluskjöl (word, pdf)			
	Skjöl úr töflureikni (excel)			
	Kennslubækur sem nemandi kaupir í bókabúðum			
	Kennsluefni sem er vistað á rafrænu formi í áfanganum			
	Kennsluefni sem nemandi kaupir af kennara			
	Námsefni á netinu			
	Gagnvirkar æfingar/gagnvirk verkefni			
<b>Skilaverkefni sem gilda til einkunnar</b>				
	Gagnvirkar æfingar			
	Verkefni vistuð í verkefnatólinu (skilahólfi)			
	Verkefni send kennara í pósti			
	Engin skilaverkefni			
<b>Verkefni sem ekki gilda til einkunnar</b>				
	Gagnvirkar æfingar			
	Verkefni í vistuð í verkefnatólinu (skilahólfi)			
	Verkefni send kennara í pósti			
	Engin slík verkefni			
<b>Lokapróf</b>				
	Í áfanga er gamalt lokapróf til sýnis			
	Í áfanga eru góðar upplýsingar um lokaprófið			

\*0 merkir: Á ekki við